



SAMTÖKIN 78
STARFSSKÝRSLA 2007-2008



Starfsskýrsla 2007 – 2008
Lagt fyrir aðalfund þann 29. mars 2008

Efnisyfirlit

1	Stjórn, starfsmenn, fjármál og samvinnu við önnur félög	7
2	Fræðsla.....	11
3	Útgáfa.....	15
4	Málþing, fundir og ráðstæfnur.....	16
5	Þjónusta.....	21
6	Almennt félagsstarf.....	23
7	Pólítísk barátta og mannréttindamál	27
8	Að lokum.....	31

1 Stjórn, starfsmenn, fjármál og samvinna við önnur félög

1.1 Aðalfundur, kjör stjórnar og trúnaðarráðs

Aðalfundur Samtakanna '78 var haldinn 17. mars 2007 í húsakynnum félagsins. Viðstaddir voru 35 félagar. Fylgt var dagskrá aðalfundar svo sem lýst er í félagslögum. Aðeins einn listi bars til stjórnarkjörs, og var hann sjálfkjörinn. Í stjórn tóku sæti:

Frosti Jónsson, formaður

Hrafnhildur Gunnarsdóttir, varaformaður

Guðjón Ragnar Jónasson, ritari

Guðnín Óskarsdóttir, galdkeri

Árni Heimir Ingólfsson, meðstjórnandi

Hilmar Magnússon, meðstjórnandi

Kristín Elva Viðarsdóttir, meðstjórnandi

Í trúnaðarráð voru kosnir 10 félagar, þau Anna Jonna Ármansdóttir, Auður Halldórsdóttir, Birna María Björnsdóttir, Frimann Sigurdsson, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Jakob Pétur Jóhannesson, Kristinn Hermannsson og Matthías Matthíasson.

Samþykktar voru lagabreytingatillögur stjórnar vegna breytinga á félagsgjöldum og setu í trúnaðarráði sem nú miðast að hámarki við tveggja ára samfellda setu.

Stjórnin fundaði 12 á starfsárinu. Stjórn og trúnaðarráð funduðu tvisvar á starfsárinu. Þann 28. apríl funduðu stjórn og trúnaðarráð í Regnbogasalnum. Umfjöllunarefni fyrri hluta fundarins voru innri mál fni félagsins en eftir hádegi var boðið til opinnar dagskrár undir yfirskrifinni „Verndun mannréttinda“ þar sem fjallað var um mannréttindi hinsegin fólks í margvíslegu samhengi. Síðari fundur stjórnar og trúnaðarráðs var haldinn 3. nóvember í ráðstefnusal World Class í Laugum. Var hann með sama sniði og hinn fyrri þar sem innri mál félagsins voru rædd fyrir hádegi en eftir til opinnar ráðstefnu eftir hádegi sem að þessu sinni var helguð lýðheitsu hinsegin fólks. Þessum ráðstefnum verða gerð frekari skil í köflum 4.1 og 4.2.

1.2 Starfsmannahald, tækjakostur og viðhald húsnæðis

Framkvæmdastjóri félagsins er Hrafnkell T. Stefánsson. Annast hann utanumhald félagsins svo sem umsjón með félagskrá og innheimtu félagsgjalda, uppgjör og innheimtu rekninga, auglýsingasöfnun, bréfaskiftir, fréttaskrif og uppfærslu heimasíðu auk þess að sinna öðrum þeim verkefnum sem félagið vinnur að á hverjum tíma. Framkvæmdastjóri annast tengsl við fjölmiðla og stjórnvöld og svarar erindum og fyrirspurnum sem berast félaginu. Framkvæmdastjóri hafði yfirumsjón með daglegu fræðslu- og ráðgjafastarfi þar til á haustdögum þegar fræðslustjóri tók til starfa.

Haustið 2007 urðu þau tímamót að fræðslustjóri, Katrín Jónsdóttir hjúkrunar- og mannfræðingur, var ráðinn í fullt starf hjá félaginu. Fræðslustjóri skipuleggur daglegt fræðslustarf félagsins svo sem jafningjafræðslu í skólum og fræðslu til fagstétta svo sem kennara, skólahjúkrunafræðinga, félagsráðgjafa og fleiri. Þá annast fræðslustjóri gerð námsefnis, skrif bæklinga og annars kynningarefnis auk þess að taka þátt í öðrum verkefnum á sviði ráðgjafar og fræðslu. Fræðslustjóri vinnur að stefnumótun félagsins til lengri tíma með það að markmiði að létta álagi á sjálfbodaliðum og tengja betur þessa starfsemi annari þjónustu félagsins svo sem félagsráðgjöf fimi og starfi með ungu fólki. Með stöðu fræðslustjóra er félagið betur í stakk búið til þess að mæta aukinni eftirspurn eftir faglegru fræðslu og ráðgjöf svo sem í skólakerfi, atvinnulífi og íþróttahreyfingu.

Sigbór Sigbórsson vann ómetanlegt starf sem húsvörður og umsjónarmaður félagsmiðstöðvar en með honum starfar hópur sjálfbodaliða sem leggur af mörkum mikla og óeigingjarna vinnu. Aðrir sinntu störfum fyrir félagið sem lausráðnir verktakar svo sem við félagsráðgjöf og umsjón með fræðslufundum og ungmennahópi

Með ráðningu nýs starfsmanns voru gerðar breytingar á skipulagi húsnæðisins. Skrifstofa framkvæmdastjóra var flutt í herbergi sem áður nýttist sem fundaðstaða og starfa framkvæmdastjóri og fræðslustjóri þar í einni skrifstofu. Við það losnaði herbergi sem nú er nýtt sem ráðgjafaherbergi. Samhliða breytingunum var skipt um lyklakerfi á allri hæðinni. Á starfsárinu voru keyptar tvær nýjar tölvur á skrifstofu, hljómflutningstæki í Regnbogasal og afgreiðsluborð á bókasafni. Aðkalandi er að skipta út húsgögnum í Regnbogasalnum sem farin eru að láta á sjá.

Ljóst er að fasteignin á Laugavegi 3 kallar á verulegt viðhald. Skipta þarf um klæðningu undir þaki, gera við sprungur á framhlið, mála og skipta um glugga en þeir liggja undir miklum skemmdum. Einnig þarf að taka

anddyri og stiga gang í gegn. Í lok árs 2006 var leitað tilboða í verkíð hjá nokkrum verktökum. Þrátt fyrir nokkra eftirfylgni á síðasta ári tókst ekki að fá tilboð hjá traustum verktökum og má þar eflaust kenna um gríða ílegri þenslu í hagkerfinu og litlum áhuga verktaka á að sinna viðhaldsvinnu sem þessari. Í upphafi árs 2008 lítur út fyrir að nokkuð sé að rofa til í þessum efnunum og nú þegar hafa borist tvönn tilboð í smíði glugga.

1.3 Fjármál

Að tillögu félagsmálanefndar Alþingis veitti fjárlaganefnd féluginu 1.500.000 kr. rekstrarstyrk á árinu. Forsætisráðuneyti veitti féluginu 2.000.000 kr. til að standa straum af kostnaði við fræðslu, fjölmiðlun og ráðgjöf, og félagsmálaráðuneyti 1.500.000 kr. til þess að mæta launum framkvæmdastjóra og almennum rekstarkostnaði. Reykjavíkurborg styrkti félagið um 2.000.000 kr. til þriggja ára til að mæta kostnaði við störf fræðslustjóra. Þá greiddi Reykjavíkurborg féluginu 1.000.000 kr. sem er hluti af þriggja ára þjónustusamningi sem meðal annars er ætlað að mæta kostnaði við stöðugildi framkvæmdastjóra, störf félagsráðgjafa, störf með ungliðahópi, bókakaup og fræðslu til starfsmanna Reykjavíkurborgar. Félagið hlaut einnig 1.600.000 kr. styrk úr þróunarsjóði menntaráðs Reykjavíkurborgar vegna skólaársins 2007-2008 en verkefnið er þriggja ára þróunarverkefni sem hefur það að markmiði að byggja upp fræðslu um samkynhneigð í skólum borgarinnar. Félagið hlaut 700.000 kr. Evrópustyrk á Ári jafna tækifæra sem nýttur var til þess að gefa út bækling um réttindi hinsegin fólks á fjórum erlendum tungumálum.

Félagið leitaði með markvissum hætti eftir samstarfi við íslensk fyrirtæki og var alla jafna lagt upp með samstarf til lengri tíma en skemmri. Menningarsjóður Glitnis styrkti félagið um 500.000 kr. til þriggja ára og er fenu ætlað að mæta kostnaði við jafningjafræðslu í skólum og gerð fræðsluefnis. Þá var Menningarsjóður Glitnis einnig helsti styrktaraðili Afmælisrits Samtakanna '78 á 30 ára afmælisári félagsins og styrkti útgáfu ritisins um 500.000 kr. Styrktarsjóður Baugs Group og Landsbankinn styrktu fræðslustarf félagsins um 1.000.000 kr. hvor, Landsbankinn í gegnum verkefnið „Legðu góðu málefni lið“. Flugfélag Íslands styrkti félagið með því að leggja til sextán afsláttar- og frímiða gegn auglýsingu í fréttabréfi og á heimasíðu. Markmið samstarfsins er að gera féluginu kleift að sinna jafningjafræðslu á landsbyggðinni, sem því miður hefur orðið út undan á undanförunum árum. Þann 26. mars undirrituðu fulltrúar Iceland Express og Samtakanna '78 samstarfssamning. Með samstarfinu fá Samtökin 78 tíu gjafabréf sem gilda á öllum flugleiðum flugfélagsins. Samtökin '78 munu á móti hafa umsjón


með kynningartexta á vef Iceland Express, annars vegar fyrir erlenda ferðamenn þar sem helstu hinsegin viðburðum á Íslandi eru gerð skil og hinsvegar upplýsingar um áhugaverða viðburði fyrir hinsegin fólk á flugleiðum Iceland Express erlendis. SENA gaf frímiða í kvikmyndahús sem hafa verið nýttir til að umbuna ungliðum vegna þátttöku í starfi jafningjafræðslunnar.

Rekstartekjur félagsins á árinu námu 17.485.511 og rekstargjöld 14.009.544. Eiginfjárstaða félagsins er góð enda hefur verðmæti fasteignainnar á Laugaveg 3 hækkað ört á undanförunum árum. Fasteignamat eignarinnar var um áramót 26.470.000 kr. og er það 2.150.000 kr. hækkan frá árinu áður. Brunabótamat er 31.900.000. Áhvílandi húsnæðisskuldur um áramót voru 8.483.318 kr.

1.4 Félagatal

Félagar sem greiddu félagsgjöld á árinu voru 487, en á skrá eru rúmlega 700 manns. Til samanburðar má nefna að árið 2006 greiddu 409 félagsmenn félagsgjöld og árið 2005 voru þeir 337. Félögum hefur fjölgað jafnt og þétt milli ára (ef undanskilin eru árin 2001 og 2003) og hafa þeir aldrei verið fleiri.

Breyting á skráðum félögum milli ára



Á aðalfundi 2007 voru gerðar breytingar á félagsgjöldum sem tóku gildi um síðustu áramót. Almennt félagsgjald var hækkað í 4.000 kr. og námsmannaafsláttur og styrktarfélagsgjöld felld niður. Afsláttur lífeyrisþega og ungs fólks var hins vegar aukinn. Greiða lífeyrisþegar og fólk 24 ára og yngri 2.000 kr. og félagar í ungmennahópi 19 ára og yngri 1.000 kr. Þör í staðfestri samvist, hjónabandi eða skráðri sambúð njóta einnig afsláttar og greiða 7.000 kr. félagsgjald. Þeir sem kjósa að styrkja félagið um 500 kr. eða meira á mánuði fá einnig sjálfkrafa aðild að féluginu ef þeir svo kjósa. Samhliða þessum breytingum var nýtt kerfi við innheimtu félagsgjalda tekið upp með það fyrir

augum að spara kostnað og fyrirhöfn við innheimtu. Getur fólk nú skráð sig í Alefli eða Framlag hjá kreditkortafyrirtækjunum og færast þá félagsgjaldið árlega eða mánaðarlega á kort viðkomandi. Lögðu stjórn og nokkrir sjálfboðaliðar mikla vinnu af mörkum til þess að kynna kerfið fyrir félagsfólki og var hringt í um 200 manns með það fyrir augum.

1.5 Aðild að öðrum félagasamtökum og mannréttindahreyfingum

Samtökin '78 gerðust aðili að Mannréttindaskrifstofu Íslands árið 2001. Skrifstofan er óháð stofnun sem vinnur að framgangi mannréttinda með því að stuðla að rannsóknum og fræðslu og efla umræðu um mannréttindi á Íslandi. Skrifstofan gegnir einnig ákveðnu eftirlitshlutverki en hún veitir umsagnir um lagafumvörp og skilar skýrslum til eftirlitsnefnda Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins. Fjórtán félög eiga aðild að skrifstofunni og er Hrafnkell T. Stefánsson fulltrúi Samtakanna '78 í stjórn.



Samtökin '78 eru eitt elsta aðildarfélag ILGA – International Gay and Lesbian Association sem eru regnhlífásamtök félaga samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transgender fólks um allan heim. Um beina þátttöku í starfi þeirra var ekki að ræða.

2 Fræðsla

Undanfarin ár hefur starfsfólk og sjálfboðaliðar Samtakanna 78 boðið upp á jafningjafræðslu fyrir nemendur á flestum skólastigum. Hugmyndin er sú að fundirnir séu byggðir upp sem jafningjafræðsla þannig að nemendumir fræðist af samkynhneigðum jafnöldrum sínum um hvernig það er að vera samkynhneigð manneskja, hvað sé frábrugðið og hvað sé líkt með þeim og öðrum nemendum á svipuðu reki. Á fundunum er margvísleg þjónusta félagsins kynnt svo og saga réttindabaráttu samkynhneigðra og lagaleg staða þeirra í dag. Mest áhersla er þó lögð á hinn persónulega þátt frásagnarinnar þar sem jafningjar fræða jafningja um reynslu sína.

2.1 Jafningjafræðsla

Á fyrri hluta ársins höfðu Hrafnkell T. Stefánsson og Birna Hrönn Björnsdóttir yfirumsjón með jafningjafræðslu í skólum, þar með talið kynningu og skipulagningu hennar. Með þeim starfaði sérstakt fræðsluteymi en auk þeirra Birnu Hrannar og Hrafnkels sinntu fræðslufundum í skólum þau Arna Arinbjarnardóttir, Auður Halldórsdóttir, Baldvin Kári Sveinbjörnsson, Erlingur Óttar Thoroddsen, Hafsteinn Tómas Sverrisson, Kári Emil Helgason, Orri Páll Jóhannsson, Silja Hlín Guðbjörnsdóttir, Guðmundur Smári Veigarsson, Ingibjörg Valsdóttir og Heiða Valbjörnsdóttir. Frá haustinu 2007 hefur skipulagning fundanna verið í höndum fræðslustjóra. Talsverð endurnýjun varð í fræðsluteyminu þar sem ýmsir sem mest höfðu lagt af mörkum fluttu erlendis eða hættu af öðrum sökum. Því þurfti að byggja upp nýtt teymi reyndra jafningja enda hefur þá hreinlega skort. Í því skyni hafa verið haldin kynningarkvöld með unglíðum þar sem þessi þáttur í starfi félagsins hefur verið kynntur. Felix Bergsson leikari hélt einnig stutt námskeið í tjáningu undir yfirskriftinni „Hvernig segir maður góða sögu?“


2.2 Skólafundir

Á starfsárinu voru haldnir 45 skólafundir, 35 á grunnskólastigi, 5 á framhaldsskólastigi og 5 í félagsmiðstöðvum. Er þetta fækkun frá fyrra ári en þá voru haldnir 57 slíkir fundir. Skýrist fækkun funda á milli ára eingöngu vegna mannfæðar en beiðnir um fundi voru langtum fleiri en geta félagsins til þess að sinna þeim öllum.

Fjöldi funda yfir veturinn er talsvert yfir meðaltali undanfarinna ára. Ef skoðaður er fjöldi funda frá árinu 2000 kemur í ljós að fjöldi fræðslufunda hefur vaxið jafnt og þétt milli ára ef undan er skilið veturinn 2003

til 2004. Það er ljóst að eftirspurn eftir fræðslu er mikil og vaxandi eins og áður segir.

Fræðsluúndir á vegum Samtakanna '78 árin 2000 - 2008



2.3 Fræðsla til fagfólks

Fundahöld og fyrirlestrar eru aðeins einn þáttur í starfi félagsins að fræðslumálum því auk þeirra ræða starfsmenn félagsins við nemendur sem setja sig í samband við félagið vegna verkefnavinnu. Þá hélt fræðslustjóri fyrirlestur og leiddi umræður á námskeiði um kynjafræði við Háskóla Íslands og talaði við nemendur á forvarnarögum í tveimur framhaldsskólum.

Ef marka má óskir um samstarf og fræðslufundi á síðustu missemum þá hefur orðið vitundarvakning hjá skólastjórnendum og er þeim mörgum orðið ljóst að bæði fræðslu og námsefni um samkynhneigð er ábótavant. Það er því ekki að undra að eftirspurn eftir fræðslu til starfsfólks skóla, svo sem til kennara, hjúkunarfræðinga, félagsráðgjafa og annarra fagstétta hafi vaxið enda hefur umræða um gildi þess að fjalla um samkynhneigð aukist og fagfólk gerir sér æ betur ljóst að slíkt skilar sér í betra og markvissara skólastarfi og bættri líðan nemenda.

2.3.1 Aðalnámsskrá

Kynhneigðar er nú getið í aðalnámsskrá grunnskóla og það kallar á aukna fræðslu, til dæmis til kennara sem eiga að fylgja eftir markmiðum aðalnámsskrár. Í aðalnámsskrá grunnskóla kemur meðal annars fram að kennsluáðferðir skulu taka mið af jafnrétti og mega ekki mismuna nemendum eftir kynferði. Einnig skuli taka mið af jafnrétti og mismuna ekki einstaklingum eða hópum vegna kynferðis við gerð námsefnis. Til að fylgja eftir þessum markmiðum aðalnámsskrár þarf þekkingu á samkynhneigð og innsýn í líf og menningu samkynhneigðra enda er það nauðsynleg forsenda þess að hægt sé að ræða um samkynhneigða hispurslaust og

án fordóma. Á þessu hefur fagfólk áttað sig og leitar því í auknum mæli til Samtakanna '78 eftir fræðslu á þessu sviði.

Langtímamarkmið fræðslustarfs Samtakanna '78 er sem fyrr að gera kennara og aðrar fagstéttir sjálfbjarga í fræðslu um samkynhneigða og því brýnt að verðandi og núverandi kennurum og öðru starfsfólki sé boðið upp á markvissa fræðslu um samkynhneigð.



2.4 Samstarf Samtakanna '78, FAS og Menntasviðs Reykjavíkurborgar

Eitt stærsta verkefni félagsins á sviði fræðslumála er samstarfsverkefni Samtakanna '78, menntasviðs Reykjavíkurborgar og FAS – félags aðstandenda samkynhneigðra sem unnið er undir forystu Katrínar Jónsdóttur fræðslustjóra. Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði menntaráðs og er hugsað sem þriggja ára framhaldsverkefni.

Langtímamarkmið verkefnisins er að stuðla að vellíðan starfsmanna, nemenda og foreldra með upplýstri og fordómalausri umræðu um samkynhneigð á vettvangi grunnskólans með það að markmiði að byggja upp jákvætt og fordómalaust umhverfi þar sem börnum og unglingum líður vel, og þar sem börn og unglingar fá stuðning hvert af öðru sem og kennurum sínum og öðru starfsfólki í nærumhverfi. Verkefnið er í samræmi við jafnréttisstefnu borgarinnar þar sem jafnræðisreglan er höfð í hávegum og allar manneskjur fá notið mannréttinda.

Grunnhugmyndafræðin að baki verkefninu er sú að grunnskólinn geri ráð fyrir öllum börnum, kenni um öll börn og tali til allra barna. Í grunnskóla tilheyrir nokkur hópur nemenda samkynhneigðum fjölskyldum, þau eiga homma að föður eða lesbiu að móður, eiga samkynhneigð systkini eða aðra ættingja. Önnur börn eru í þann mund að átta sig á eigin kynhneigð. Fátt er þessum börnum erfðara en að þeim og fólkinu þeirra sé mætt í þögn, og að talað sé um samkynhneigt fólk og

fjölskyldugerðir sem eitthvað handan við veruleika skólans. Með verkefninu verður m.a:

- 1) *Skilgreint með hvaða hætti fræðsla um samkynhneigð á að fara fram á vettvangi grunnskólans, komið með tillögur að leiðum, úrræðum og eftirfylgni*
- 2) *Veitt faglegt aðbald og tryggt að sjónarmið samkynhneigðra komi fram*
- 3) *Unnið að gerð fræðsluefnis banda starfsfélki í grunnskólum borgarinnar*
- 4) *Skipulagðir fræðslufundir, námskeið og málþing*
- 5) *Þekkingarveita byggð upp á Netinu þar sem upplýsingum og fræðsluefni sem varða verkefnið verður safnað saman á einn stað og það gert aðgengilegt til frambúðar.*
- 6) *Kennurum og starfsfélki grunnskólanna veitt úðgjöf um samkynhneigð og tengd málefni.*

Þann 17. janúar var haldið málþing sem ætlað var námsráðgjöfum og skólahjúkrunar-fræðingum. Þessir hópar voru séstaklega teknir út vegna tengsla þeirra við nemendur sem oft leita til þeirra með ýmis vandamál sem geta tengst vangaveltum um eigin kynhneigð. Katrín Jónsdóttir hélt framsögu sem myndaði góðan grunn fyrir spurningar og umræður meðal áheyranda. Guðrún Rögnvaldardóttir frá FAS hélt erindi um reynslu sína sem foreldri samkynhneigðs unglings. Guðbjörg Ottósdóttir sagði frá ráðgjöf Samtakanna '78 og að síðustu hélt Kristín Viðarsdóttir erindi og skýrði frá rannsókn sem hún framkvæmdi um áhrif fræðslu um samkynhneigð á viðhorf kennara. Málþingi lauk síðan með umræðum framsögufólks og þátttakenda.

Fræðsla til kennara og starfsfólks í grunnskólum er enn í mótun. Hópur skólastjóra hefur fengið tilboð um stuttan fræðslu- og umræðufund og einnig er í mótun hópur sem samanstendur af hinsegin kennurum og skólalíðum og verður hann hafður með í ráðum varðandi skipulagningu funda fyrir kennara.

2.5 Ár jafnra tækifæra

Samtökin '78 tóku þátt í verkefninu „Evrópuár jafnra tækifæra 2007“ en Félagsmálaráðuneytið haði umsjón með því. Félagið átti gott samstarf við ráðuneytið og verkefnastjóran Lindu Rós Alfreðsdóttur sem á allar þakkir skyldar fyrir gott samstarf. Markmið verkefnisins er meðal annars að gera samfélagið umbúðarlyndara og

víðsýnna. Réðust Samtökin '78 í gerð bæklinga undir yfirskriftinni „Reaching out“ og er hann ætlaður samkynhneigðum, tvíkynhneigðum og transgender einstaklingum búsettum á Íslandi en sem hafa ekki íslensku að móðurmáli. Á Íslandi býr töluvert stór hópur fólks sem kemur frá löndum þar sem félagsleg og lagaleg staða hinsegin fólks er óljós og ótrygg. Markmiðið með bæklingnum er að ná til þessa hóps og upplýsa hann um lagalega og félagslega stöðu sína hér á landi. Í bæklingnum eru ýmis úræði tilgreind fyrir þá sem þurfa á aðstoð, svo sem hvar hægt er að leita sér hjálpar auk annarra gagnlegra upplýsinga sem snerta hinsegin fólk almennt. Samtökunum '78 eru gerð skil í bæklingnum auk þeirra fjölmörgu starfshópa og félaga sem starfa á vettvangi hinsegin fólks. Bæklingurinn er á fjórum tungumálum; pólsku, litháísku, ensku og tailensku.

Að mörgu leiti speglar þetta verkefni þar breytingar sem Samtökin '78 eru að ganga í gegnum en sem þjónustu- og menningamiðstöð þarf félagið á hvejum tíma að taka mið af þeim þjóðfélagsaðstæðum sem ríkjandi eru. Útlendingar eru sívaxandi hópur sem er mikilvægt að ná til og er „Reaching out“ eitt af þeim skrefum sem félagið er stíga í þá átt.



2007 — European Year of Equal Opportunities for All

2.6 Þjónustusamningar við sveitarfélög

Lögð var áhersla á að kynna starfsemi félagsins fyrir sveitarfélögum í nágrenni Reykjavíkur. Um þriðjungur félaga í Samtökunum '78 býr í öðrum sveitarfélögum en Reykjavík og mikilvægt er að kynna starfsemi og þjónustu félagsins fyrir þeim. Til Samtakanna '78 kitar fólk úr öllum landsfjórðungum eftir fræðslu, ráðgjöf og annari þjónustu. Nauðsynlegt er að þeir sem sinna slíkum málaflokkum á viðkomandi stöðum viti um þá þjónustu sem félagið veitir. Öllum sveitarfélögum í nágrenni Reykjavíkur var því sent kynningarefni og þeim boðið að ræða hugmynd að þjónustusamningi.

Haldnir voru kynningafundir með fulltrúum frá Hafnarfjarðarbæ, Reykþanesbæ, Árborg, Kópavogi og

Akraneskaupstað. Undirtektir voru í flestum tilvikum góðar og áhugi meðal stjórnenda í þessum sveitarfélögum á þeirri þjónustu sem félagið veitir. Á kynningarfundum lagði félagið fram tillögu að þjónustusamning til þriggja ára sem tekur á eftirfarandi þáttum:

- 1) Fræðslu til fagstáta í viðkomandi sveitarfélagi
- 2) Félags- og ráðgjafarþjónustu við íbúa sveitarfélagsins
- 3) Stundningi við rekstur ungmennahóps Samtakanna '78
- 4) Jafningjafræðslufundum í grunnskólum

Þegar hafa tvö sveitarfélög gengið til samstarfs við Samtökin '78 en þau eru Hafnarfjarðarbær og Akraneskaupstaður. Samningar við nokkur til viðbótar eru í burðarlíðnum.

3 Útgáfa

3.1 Fréttabréf

Fréttabréf félagsins kom fjórum sinnum út á starfsárinu. Frosti Jónsson ritstýrði því og annaðist uppsetningu og sérstök ritnefnd efnisöflun og skrif. Þau sem skrifuðu í fréttabréfið voru Axel Hall, Baldvin Kári Sveinbjörnsson, Birna María Björnsdóttir, Erlingur Thoroddsen, Frosti Jónsson, Guðjón Jónasson, Grétar Einarsson, Hilmar Magnússon, Hrafnkell T. Stefánsson, Hrafnhildur Gunnarsdóttir, Katrín Jónsdóttir, Klara Bjartmarz, Kristín Viðarsdóttir og Þorvaldur Kristinsson.



Fréttabréfið er gefið út í 1.000 eintökum og er því dreift til félagsfólks, á bókasöfn á landinu öllu, til alþingsmanna og borgarfulltrúa, til þjónustumiðstöðva hjá Reykjavíkurborg og á kaffihús. Ásamt vefsíðu er fréttabréfið ein helsta rödd félagsins út á við. Í því er lögð áhersla á að fjalla um málefni sem tengjast mannréttindum hinsegin fólks, bæði á alvarlegum og léttum nótum, með viðtölum, fræðigreinum, fróðleik, afþreyingu og skemmtiefni.

Sérstök áhersla er lögð á að koma á framfæri upplýsingum um þá mörgu starfshópa sem starfa undir regnhlífi hinsegin fólks á Íslandi. Af greinum sem birtust

í fréttabréfinu á starfsárinu má nefna grein eftir Kristínu Viðarsdóttur um áhrif fræðslu á viðhorf kennara til hinsegin fólks, grein eftir Axel Hall um „bleika markaðinn“, grein eftir Klara Bjartmarz um samkynhneigða og íþróttir og umfjöllun Frósta Jónssonar og Önnu Jonnu Ármannsdóttur um réttastöðu transgender fólks. Fjölmörg fyrirtæki auglýstu í fréttabréfinu og gerðu þannig útgáfu þess mögulega. Leturprent annaðist þreutun.

3.2 Vefsíða

Fyrsta vefsíða félagsins fór í loftið árið 1997 en hún hefur verið aðgengileg á núverandi slóð í rúm átta ár. Þar er að finna upplýsingar um félagið, tilgang þess og markmið auk þess sem almenningur getur haft samband eða skráð sig í gegnum síðuna. Á henni er einnig að finna ítarlegt safn greina, fréttu, tilkynninga og pistla sem mynda nú þegar merkilega heimild um söguna. Frosti Jónsson og Hrafnkell T. Stefánsson hafa séð um uppfærslu síðunnar, en ýmislegt af því efni sem skrifað er fyrir fréttabréfið hefur jafnframt ratað inn á hana. Öll fréttabréf félagsins frá 2006 eru nú aðgengileg á pdf formi í greinasafni. Fyrirtækin BYKO, Glitnir og Síminn auglýstu á síðunni á starfsárinu. Tölvufyrirtækið Eskil þjónustar vefsíðuna sem er hýst hjá Símanum. Líkt og undanfarin ár hýsir tölvufyrirtækið Nettækni hins vegar lén og póstpjón án endurgjalds og kann stjórn félagsins fyrirtækinu bestu þakkir fyrir.

3.3 Afmælisrit

Í tilefni af þrjátíu ára afmælisári félagsins var ákveðið að ráðast í útgáfu veglegs afmælisrits. Þóra Kristín Ásgersdóttir tók að sér ritstjórn og greinaskrif en aðrir sem eiga efni í blaðinu eru þau Ánni Heimir Ingólfsson, Böðvar Björnsson, Guðjón R. Jónasson, Hilmar Magnússon, Ragnhildur Sverrisdóttir og Veturlíði Guðnason. Halla Kristín Einarsdóttir myndskreytti og Bára Kristinsdóttir sá um ljósmyndun. Uppistaða ritins er að megninu til vandaðar sögulegar greinar þar sem rýnt er í fortöina út frá mismunandi sjónarhornum. Forsðumyndin gefur tóninn en á henni sitja fyrir allir formenn félagsins frá upphafi. Tímaritið er ríkulega myndskreytt með efni úr skjalasafni Samtakanna '78, Ljósmyndasafni Reykjavíkur og einkasöfnum. Til þess að gera ritið sem hátíðlegast var valin sú leið að leita ekki eftir auglýsendum heldur gefa fyrirtækjum og stofnunum kost á að styrkja framtakið með lögum á einni síðu, og styrktu yfir fjörutíu aðilar ritið með þeim hætti. Menningarsjóður Glitins var helsti bakbjarl útgáfunnar og styrkti hana um 500.000 kr. Vatíkanið sá um hönnun og umbrot. Afmælisitið er gefið út í 8.000 eintökum.

4 Málþing, fundir og ráðstefnur

4.1 Verndun mannréttinda: Opinn fundur trúnaðarráðs

Laugardaginn 28. apríl var haldinn opinn fundur í Regnbogasal 3 undir yfirskriftinni „Verndun mannréttinda“. Þar var fjallað um réttindi samkynhneigðra í ljósi bættrar lagalegrar réttarstöðu hér á landi, en kveikjan að honum var stofnun mannréttindahópsins Verndarvættinnar sem og vísendingar um aukid öfbelði í garð samkynhneigðra og transgender fólks hér á landi.

Þorvaldur Kristinsson fyrrverandi formaður félagsins ræddi stöðu samkynhneigðra í ljósi bættrar lagalegrar réttarstöðu og reynslu nágrannaþjóða. Jóhanna K. Eyjólfsdóttir framkvæmdastjóri Amnesty International á Íslandi fjallaði um störf hreyfingarinnar að málefnum hinsegín fólks um víða veröld. Arna Schram formaður Bláamannafélags Íslands hélt erindi um fjölmiðla og umfjallanir þeirra og fréttáflutning af öfbelðismálum. Þá sagði Frosti Jónsson formaður Samtakanna '78 frá reynslu Breta af samstarfi lögreglu og minnihlutahópa. Í kjölfarið hélt Stefán Eiríksson lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins erindi um stöðu minnihlutahópa, meðferð mála og úrræði lögreglunnar. Stefán fór yfir tölur um skráða öfbelðisglæpi, skráningu þeirra og þróun undanfárinna ára. Því miður eru ekki til upplýsingar um fjölda öfbelðisglæpa gagnvart samkynhneigðum vegna þess hvernig skráningu öfbelðisverka er háttad en kynhneigð er ekki skráð sérstaklega. Mikilvægt er að slíkt sé gert svo afla megi upplýsinga um umfang og eðli öfbelðisverka gagnvart hinsegín fólki. Í umræðum á eftir lýsti Stefán vilja til þess að Samtökin '78 kæmu inn í kennslu hjá lögregluskólanum með fræðslu fyrir verðandi lögregluþjóna.

4.2 Lýðheilsa: Opinn fundur trúnaðarráðs


Þann 3. nóvember var haldið málþing um lýðheilsu í ráðstefnusal Lauga í Laugardal. Á málþinginu var lýðheilsa rædd frá ýmsum hliðum en lýðheilsa snýr að því að viðhalda og bæta heilsu, líðan og aðstæður þjóða og þjóðfélagsþópa með almennri heilsuvemd, heilbrigðisþjónustu, heilsuefningu, rannsóknnum og samfélagslegri ábyrgð. Tilgangur ráðstefnunnar var að fjalla sérstaklega um samkynhneigða í tengslum við lýðheilsuál. Markmiðið var meðal annars að svara þeirri spurningu hvort samkynhneigðir séu sérstakur

hópur sem þurfi að huga að í lýðheilsuálum Íslendinga, og ef svo er hvaða aðferðir séu árangursríkastar til þess að ná til hópsins með tilliti til forvarna og annarrar þjónustu heilbrigðiskerfisins.


Ráðstefnan var hin áhugaverðasta en erindi fluttu Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra, Ingi Rafn Hauksson formaður Alnæmissamtakanna, Haraldur Briem sóttvarnarlæknir, Héðinn Unnsteinnsson sérfræðingur, Þórarinn Tyrfingsson yfirleknir SÁÁ, Jakobína H. Árnadóttir hjá Lýðheilsustöð og Sigrún Sveinbjörnsdóttir sálfræðingur.


Heilbrigðisráðherra kynnti athyglisverðar niðurstöður nýrrar rannsóknar meðal íslenskra ungmenna. Í rannsókninni kom fram marktækur munur milli samkynhneigðra ungmenna og gagnkynhneigðra jafnakdra þeirra þegar spurt var um líkamlega og andlega heilsu en samkynhneigð ungmenni mátu hana talsvert lakari. Þá leita samkynhneigð ungmenni ríflega helmingi oftari til geðlækna eða sálfræðinga en gagnkynhneigðir jafnakdrar þeirra. Þessar niðurstöður eru að mörgu leiti í takt við aðrar sambærilegar rannsóknir. Sú staðreynd að samkynhneigð ungmenni leita sér oftari aðstoðar en gagnkynhneigðir jafnakdrar þeirra er jákvæð í ljósi þess að sjálfsvígstílaunir og sjálfsvíg meðal þessa hóps eru taldar tvisvar til fimm sinnum algengari.

Hluti II fra mhalddskóla nema sem segja líkamlega heilsu sína góða eða mjög góða



Hluti III fra mhalddskóla nema sem segja andlega heilsu sína góða eða mjög góða





Sigrún Sveinbjörnsdóttir sálfræðingur flutti upplýsandi erindi um heilbrigði samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transgender fólks sem þjóðfélags hóps og helstu verndar- og áhættuþætti. Í erindinu fjallaði hún meðal annars um ósýnileika hinsegin fólks og ráðandi gagnkynhneigðarviðmið eins og þau birtast í samfélaginu og ekki síst í námsefni skólanna. Í því felst að langsamlega oftast er gengið út frá gagnkynhneigð sem hinu edlílega og talað er um samkynhneigð sem frávik eða vandamál. Ósýnilekinn eins og hann endurspeglast í námsefni er þannig alvarlegur umhverfistengdur áhættuþáttur sem ógnar lýðheilsu samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transgender fólks. Lærdómurinn sem draga má af þessu snýr því að mikilvægi þess að efla vitund og færni fagfólks í öllum greinum, samhliða því að endurskoða námsefni skólanna.

4.3 Með hinsegin augum - fyrirlestraröð við Háskóla Íslands

Í tilefni af 30 ára afmæli félagsins efndu Samtökin '78 til fyrirlestraraðar í Háskóla Íslands á vormisseri 2008. Er það í þriðja sinn sem slíkt er gert en áður var efnit til sams konar fyrirlestraraða árin 2003 og 2006. Fyrirlestrarnir voru haldnir undir yfirskriftinni *Með hinsegin augum* og fékk félagið nokkrar stofnanir Háskóla Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Hinsegin daga í Reykjavík til liðs við framtakið auk þess sem tuttugu fyrirtæki og stofnanir stóðu straum af kostnaði. Af hálfu félagsins unnu Guðjón R. Jónasson, Rannveig Traustadóttir og Þorvaldur Kristinsson að skipulagningu fyrirlestranna.

Sex fræðimenn tóku þátt í fyrirlestraröðinni að þessu sinni: Tína Rosenberg, prófessor frá Lundi, Svíþjóð, talaði um þróun hinsegin fræða á liðnum árum og Björn Þorsteinsson heimspekingur flutti fyrirlestur sem hann nefndi *Valsað um valdið: Hinsegin pólitik og samfélagsvælin*. Þá flutti Árni Heimir Ingólfsson tónlistarfræðingur

fyrirlesturinn *Hin dulda merking tónanna: Kynhneigð og sköpun hjá Tsjákovskj, Ravel, Copland og Britten*, og Sigrún Sveinbjörnsdóttir sálfræðingur flutti erindi sem hún nefndi *Veganesti í hinsegin vegferð: Uppeldi og menntun til þátttöku og ábyrgðar*. Oliver Phillips, lögfræðingur og háskólakennari frá Bretlandi flutti fyrirlesturinn *Sexual rights: From marginal to mainstream and to what end?* og loks mun Annadís Greta Rúdólfssdóttir sálfræðingur í Bretlandi halda fyrirlestur um ráðgjafar- og sjálfshjálparbækur fyrir fjölskyldur samkynhneigðra sem hún nefnir *Sigur ástin allt?*

Fyrirlestraröðin vakti mikla athygli, hún hlaut góða kynningu í fjölmöldum og voru 60–100 gestir á hverjum fyrirlestri. Þessa góðu aðsókn eigum við meðal annars að þakka útgáfu kynningarbæklings sem dreift var í 3000 eintökum og hefur farið vða. Í fyrirlestraröðinni var margt reifað sem ekki hefur áður borið á góma í íslenskrum umræðu og gagnast mun sjálfskilningi og þekkingarleit hinsegin fólks á Íslandi í framtíðinni.



4.4 Samstöðu- og kynningarfundur FAS og Samtakanna '78

Laugardaginn 24. mars efndu FAS – félag aðstandenda samkynhneigðra og Samtökin '78 til samtöðu- og kynningarfundar undir yfirskriftinni „Ég er í Samtökunum 78“

Markmið dagskrárinnar var að kynna samtökin og safna nýjum félögum. Erindi fluttu Ingibjörg S. Guðmundsdóttir formaður FAS og Guðrún Rögnvaldardóttir og sögðu þær frá starfi félaganna tveggja og hvöttu aðstandendur samkynhneigðra til þess að styðja Samtökin '78 með því að gerast félagar. Silja Hlín Guðbjörnsdóttir félagi í ungmennahópi sagði frá

reynslu sinni af því að koma út úr skápnum og Birna Hrönn Björnsdóttir sagði frá jafningjafræðslu félagsins í efri stigum grunnskóla og í framhaldsskólum. Guðrún Óskarsdóttir og Guðlaug Jónsdóttir ræddu reynslu sína af barneignum og Þorvaldur Kristinsson flutti erindi sem hann nefndi „Sögur úr tilfinningalífni“. Sverrir Páll Erlendsson og Frosti Jónsson fjölluðu um fræðslustarf í grunnskólum. Loks kynntu Áki Árnason og Berglind Sigurðardóttir barnabókina *Söru* sem ætluð er leikskólabönum og fjallar um telpu sem á tvo pappa. Inn á milli erinda var sýnt brot úr kvikmyndinni Hrein & bæn eftir Hrafnhildi Gunnarsdóttir og stuttmyndin Góðir Gestir eftir Ísöld Uggadóttur ásamt því að Svava Hildur Bjarnadóttir félagi í ungmennahópi bauð upp á tónlistaratróði. Fundurinn heppnaðist sérlega vel og var fullt út úr dyrum í Regnbogasalnum þennan laugardag í mars.

4.5 Stjórnmalafundur

Þann 5. maí var haldinn stjórnmalafundur í Regnbogasal og var fulltrúum allra flokka sem buðu fram til Alþingiskosninga á síðasta ári boðið að taka þátt. Frá Framsóknarflokknum mætti Sæunn Stefánsdóttir, frá Frjálslynda flokknum mætti Kjartan Eggertsson, frá Íslandshreyfingunni kom Margrét Sverrisdóttir, frá Samfylkingu mætti Ágúst Ólafur Ágústsson, frá Sjálfstæðisflokknum kom Ilugi Gunnarsson og frá Vinstri grænum kom Kolbrún Halldórsdóttir. Húsfyllir var og sköpuðust líflegar umræður.

Nokkur mál voru ofarlega í huga fundargesta. Málfrni kirkjunnar voru fundargestum hugleikin og voru frambjóðendur spurðir um afstöðu flokka sinna til þess að veita trúfélögum heimild til að gefa saman samkynhneigð pör. Fulltrúar allra flokka studdu þá hugmynd að Alþingi tæki af skarið og veitti slíka heimild, en áður höfðu formenn allra stjórnmalaflokkanna lýst því yfir að þeir væru hlyntir slíkri breytingu á lögum. Frambjóðendur voru einnig spurðir hvort þeir teldu tímabært breyta lögum um staðfesta samvist og sameina í eina hjúskaparlöggjöf sem gildi jafnt fyrir samkynhneigð og gagnkynhneigð pör. Samhljómur var í svörum frambjóðenda og þeir sammála um að slíkt sé eðlilegt þar sem réttindi lagabálkanna tveggja séu öll þau sömu. Þó mátti heyra í umræðum að ekki höfðu allir gert sér grein fyrir því að í raun sé um tvö konar hjúskaparlöggjöf að ræða þar sem réttindi og skyldur eru þær sömu. Annarsvegar löggjöf um staðfesta samvist og hinsvegar löggjöf um hjónaband gagnkynhneigðra. Allir frambjóðendur voru leystir út með góðum bunka af nýútkomnu fréttabréfi Samtakanna '78 til þess að dreifa á kosningamiðstöðvum sínum.



4.6 Opni Samtakadagurinn

Opni Samtakadagurinn var haldinn í fyrsta sinn þann 29. september. Með honum vildi stjórnin kynna þá margvíslegu þjónustu og starfsemi sem Samtökin '78 bjóða upp á, auk hinna fjölmörgu starfshópa og félaga sem starfa á vettvangi hinsegin fólks á Íslandi. Mögum kemur á óvart hversu fjölbreytt starfið er og vildi stjórnin með þessum hætti opna félagsheimilið fyrir gestum og gangandi og bjóða upp á áhugaverða dagskrá og kynningar.

Um 60 manns mættu í Regnbogasalinn þennan dag og nokkur ný andlit voru þeirra á meðal. Ingibjörg Guðmundsdóttir formaður FAS – félags aðstandenda samkynhneigðra sagði frá starfi félagsins. Frosti Jónsson greindi frá starfi St. Styrmis og Þorvaldur Kristinsson kynnti bókasafn félagsins og las upp úr nokkrum gullmolum sem þar leynast. Anna Jonna Ármannsdóttir hélt erindi undir yfirskriftinni „Málfrni transgender fólks og gagnkynhneigt gildismat“ og fjallaði í því meðal annars um réttarstöðu transgender fólks auk þess að segja frá starfsemi félagsins Trans-Ísland. Því næst sögðu Arna Annbjarnadóttir og Brynjar Hermannsson frá starfi unglíðahóps Samtakanna '78 og FSS – félag hinsegin stúdenta. Heimir Már Pétursson framkvæmdastjóri Hinsegin daga í Reykjavík sagði frá sögu, skipulagningu og hugmyndafræði Hinsegin daga í Reykjavík í máli og myndum. Friða Agnarsdóttir sagði því næst frá starfi blakliðs KMK og páskablaðmóti evrópskra kvennablaðliða sem haldið var hér á landi vorið 2007. Guðbjörg Ottósdóttir, Katrín Jónsdóttir og Frosti Jónsson kynntu ráðgjafar- og fræðslustarf félagsins og skrifað var undir samstarfssamning við Flugfélag Íslands sem miðar að því að auðvelda félaginu að sinna jafningjafræðslu á landsbyggðinni. Inn á milli erinda voru kvikmyndirnar Bæðra bylta eftir Grím Hákonarson og Góðir gestir eftir Ísöld Uggadóttur sýndar. Að lokum skrifaði formaður félagsins og félagsmálaráðherra undir samstarfssamning vegna Árs jafnra tekifera sem sagt er frá í kafla 2.5 þessarar skýrslu.



4.7 Málþing um hjúskap og staðfesta samvist

Hópur presta í samvinnu við samtökin '78 bauð upp á málþing um hjúskap og staðfesta samvist í sal Þjóðmynjasafnsins þann 19. október. Var það haldið daginn fyrir prestaþing en á því var kosið um afstöðu kirkjunnar til þess með hvaða hætti hún kæmi að staðfestingu samvistar samkynhneigðra. Var öllum kirkjuþingsfulltrúum sem og alþingismönnum sérstaklega boðið á fundinn sem var fjölmennur og vakti talsverða athygli.

Erindi fluttu Dr. Sólveig Anna Bóasdóttir síðfræðingur sem mælti fram með þeirri skoðun að hjónabandið skuli standa opið öllu fullveðja fólki sem lífa vill saman í skuldbindandi ástartengslum. Hulda Guðmundsdóttir kirkjuþingsmaður og MA í guðfræði mælti fram með þeirri leið að hjónaband karls og konu og staðfest samvist fólks af sama kyni verði ekki sameinuð heldur skuli hvort um sig halda sérkennum sínum sem jafngild sambúðarform sem prestar fái umboð til að staðfesta að lögum. Lára V. Júlíusdóttir lögfræðingur lýsti lagaumhverfi hjónabands og staðfestar samvistar. Að lokum lýstu feðgarnir Kristján Kolbeins og Eyjólfur Kristopher Kolbeins samskiptum sínum og reynslu sem vakti óskipta aðdáun viðstaddra. Á eftir voru haldnar pallborðsumræður þar sem framsögumenn sátu fyrir svörum ásamt formanni Samtakanna '78. Helsti hvatamaðurinn að fundinum var séra Bjarni Karlsson prestur í Laugarneskirkju sem ásamt fjölmönnum hópi presta hefur unnið ótullega að málefnum samkynhneigðra innan Þjóðkirkjunnar.

Mynndir frá Opna Samtakadeginum. Jóhanna Sigurðunadóttir flytur ávarp í tækni af samstarfsverkefni Samtakanna '78 og Félagsmálaráðuneytis undir yfirskriftinni Ár jafnra tækjára (efst). Frósti Jónsson og Gróa Ásgársdóttir innsigla samstarf Samtakanna '78 og Flugfélag Íslands (miðja). Brynjar Smári Hermannsson formaður FSS – Félags hinsegin stúdenta og Arna Arinbjarnardóttir umsjónarmaður unglíðabóps Samtakanna '78

5 Þjónusta

5.1 Ráðgjöf

Félagsráðgjöf Samtakanna '78 var með óbreyttu sniði árið 2007. Eins og áður er markmiðið að gefa fólki kost á viðtölum til að ræða sína stöðu og ýmis réttindamál. Bodið er upp á 1 – 3 viðtöl en ef talin er þörf á fleiri viðtölum eða meðferð er bent á aðra sérfræðinga utan félagsins. Viðtölin við félagsráðgjafa eru pöntuð hjá framkvæmdastjóra eða fræðslustjóra. Ekki er greitt sérstaklega fyrir þau en Samtökin fá styrk frá Reykjavíkurborg og félagsmálaráðuneytinu til að mæta kostnaðinum.


Tveir félagsráðgjafar skipta með sér viðtölunum, þær Guðbjörg Ottósdóttir og Anni G. Haugen.

5.1.1 Eftirspurn eftir viðtölum og þróun undanfarinna ára


Eftirspurn eftir viðtölum er jafnan nokkuð sveiflukennd og einstaklingum sem leitað hafa til félagsráðgjafa hefur fjölgað dálítið frá því árið 2006. Hins vegar hefur viðtölum fækkað örlítið sem þýðir að færri einstaklingar hafa komið í tvö eða fleiri viðtöl. Lítil munur er á fjölda karla og kvenna sem í viðtal komu. Helsta breytingin er sú að fleiri pör leituðu eftir félagsráðgjöf og einnig fleiri aðstandendur. Í flestum tilvikum er um að ræða mæður homma eða lesbía sem eru að taka sín fyrstu skref inn í heim samkynhneigðra. Stærsti hluti þeirra sem komu voru á aldrinum 21 – 40 ára.

Helstu ástæðurnar fyrir því að óska eftir viðtali við félagsráðgjafa Samtakanna voru ýmsar vangaveltur kringum það að „koma út“ og óryggi sem tengist kynhneigð.

Heildar fjöldi viðtala 2001-2007



Aldurskiping þeirra sem leitað hafa til ráðgjafa 2004 - 2007



Spurningarnar sem tengjast því að „koma út“ eru margvíslegar. Þær tengjast eigin sjálfsmynd, því hvernig og hverjum eigi að segja frá og spurningum um hvernig líf samkynhneigðra er. Hjá þeim konum og körlum sem eiga börn vaknar nær alltaf spurningin um hvort kynhneigðin eða breytt lífsmynstur muni hafa áhrif á börnin, hvernig og hvenær eigi að segja þeim frá, hvort rétt sé að ræða um þessi mál við kennara og aðra sem sinna börnunum og fleira. Margir veltu einnig fyrir sér hvar hægt væri að hitta aðra samkynhneigða, sérstaklega ef viðkomandi hafði ekki áhuga á að sækja bari.

Óryggi varðandi kynhlutverk tengist oftast en ekki eigin fordómum og því hvernig hægt sé að taka á því.

Nokkur hluti þeirra sem komu í viðtöl eru í gagnkynhneigðu hjónabandi, eru óöruggir um eigið kynhlutverk og fullir angistar, kvíða og sektakenndar yfir því að finna fyrir tilfinningum sem samræmast ekki þeirra félagslegu stöðu sem maki í gagnkynhneigðu hjónabandi.

Margir vilja ræða um ólíkar hliðar málefna er tengjast börnum. Samskipti við börn maka, samskipti við skóla og félagslegt umhverfi barnanna og komu nýs maka inn á heimili barns. Þá vakna oft spurningar sem tengjast tæknifróvgun, ættleiðingu stjúpbarna, réttindamálum kjörforeldra, barnanna sjálfra og foreldra sem ekki fara með forsjá bama sinna.

Þeir foreldrar sem koma til að ræða um málefni samkynhneigðna barna sinna eru oftast en ekki að velta fyrir sér á hvem hátt þeir geti best stutt börnin sín, um leið og þeir vilja kynna frekar málefnum samkynhneigðna og fá skýrari mynd af því hvað bíður barnsins þeirra.

Fyrir marga er viðtal hjá félagsráðgjafa fyrsta heimsókn þeirra í húsnæði Samtakanna. Viðkomandi er þá bðið að skoða húsnæðið betur eftir viðtalið og bent á að í bókasafninu er hægt að finna mikið efni um samkynhneigð. Greinilegt er að netið skiptir flesta þá er

koma miklu máli, bæði til að leita sér upplýsinga og einnig til að komast í samband við aðra samkynhneigða.

5.2 Bókasafn

Bókasafn félagsins var sem fyrr opið á mánudögum og fimmtudögum kl. 20–23 og á laugardögum yfir vetrarmánuðina kl. 13–17, alls 10 tíma í viku. Einnig var safnið opið gestum til lestrar án útlána alla virka daga milli kl. 13–17, alls 20 tíma. Safnkosturinn er allur skráður á gagnagrunninn Gegni og aðgengilegur á Netinu. Alls tóku átta félagar vaktir í sjálfböðavinnu en yfirumsjón með skráningu og samskiptum við Landskerfi bókasafna hafði Jón Sævar Baldvinsson, bókasafnsfræðingur. Þá hafa sjálfböðaliðar í þrjú ár séð alfarið um úklippusafn félagsins, en áður var sú þjónusta keypt af miðlunarfyrtæki. Vinnuframlag sjálfböðaliðanna á liðnu ári nam um 3.5 verk mánuðum.

Heildareign safnsins er nú 4.378 gögn. Eignir bókasafnsins umfram afskriftir jukust um 165 gögn (178 gögn árið 2006); bóka- og tímaritakostur jókst um 124 titla en myndböndum og mynddiskum fjölgaði um 41 titil milli ára. Tíu tímarit berast safninu ókeypis en tvö í innkaupum. Nemendur sækja sem fyrr aðstoð til safnsins við ritgerðaskrif, en flestum framhaldsskólanemendum er vísað á greinasafn á vefsíðu félagsins. Háskólastúdentar og fræðafólk nýta hins vegar safnið í tengslum við nám í hinsegin fræðum, hjúkunarfræðum, kennslufræðum og fleiri greinum í ýmsum háskólum landsins, enda geymir safnið margt rita sem hvergi annars staðar er að finna hér á landi. Þá sinnir safnið millisafnalánum og reglulega berast því erlendar óskir um útlán.

Heildarútlán safnsins námu 1130 titlum og er samdráttur útlána 4,4% frá fyrra ári. Bækur voru um 31% af útlánnum og kvikmyndaefni 69%. Er þetta annað árið í röð sem útlán dragast saman frá fyrra ári, en yfirleitt hafa útlán aukist um 4–5% milli ára. Þó er samdráttur ársins 2007 snöggtum minni en 2006. Hér má sjá sömu þróun og á öðrum íslenskum söfnum síðasta hálfu áratug. Ýmsar skýringar eru nefndar á þessu. Rannsóknir sýna að almenningsbókasöfn eiga erfiðara uppdráttar þegar þensla er í hagkerfi og kaupgæta mikil, og einnig má ætla að möguleikar á að sækja myndefni á Netinu og erlendar sjónvarpsstöðvar hafi sín áhrif á okkar safn. Eina leiðin til að auka útlán er að efla innkaup umfram það sem nú er því að útlán haldast greinilega í hendur við öflun nýrra verka. Hins vegar telst það ágætur árangur á hverju safni að árleg útlán skuli nema um fjórðungi af heildarsafnkostinum.


Í innkaupum er ætíð reynt er að gæta jafnvægis í kaupum á skáldskap og myndefni fyrir konur og karla þótt úrvalið sé margfalt meira af efni sem talið er höfða til karla, einkum myndefnið. Hlutfall kvikmynda í

safnkostinum er sem fyrr um 60% karlar og 40% konur hvað skráða tilhöfðun varðar í leitarorðum. Áflega er unnið að því að þetta ákveðna efnisflokkar hvað fræðirit varðar og á síðasta ári sá þess m.a. stað í bókum um listir og fjölskyldumál. Einnig eignaðist safnið tímaritið Lambda Nordica nokkurn veginn í heild sinni, en það er eina tímaritið sem kemur út á Norðurlöndum um hinsegin efni. Loks má nefna að erfingjar Elíasar Marar færðu safninu merkilegt safn eldri bóka um samkynhneigð málefni úr búi hans. Fæst af þessum ritum er til í íslenskum bókasöfnum. Þá voru gerðar nokkrar endurbætur og hagræðingar á húsgögnum safnsins til að mæta aukinni þörf fyrir rými.

6 Almennt félagsstarf

Opið hús í félagsmiðstöð var hvert mánudags- og fimmtudagskvöld. Fjöldi gesta á opnu húsi var 2.835 eða 236 að meðaltali í mánuði. Það er nokkur fækkun frá fyrra ári og munar einkum um fækkun heimsóknna á mánudagskvöldum. Aðsókn að auglýstum viðburðum á Opnu húsi svo sem opnun listsýninga, á fræðslufyrirlestra og hljómleika hefur hins vegar yfirleitt verið afar góð og fer síst minnkandi. Gestakoma á öðrum tímum hefur hinsvegar dregist meira saman hverju sem þar er um að kenna. Nýting á húsnaði er þó alltaf jöfn ánið um kring, meðal annars vegna hópstarfs, funda og annarrar þjónustu.

Fjöldi heimsóknna í félagsmiðstöð
mánudaga og fimmtudaga 2002 - 2006



6.1 Viðburðir í félagsmiðstöð

Samtökin '78 hafa löngum lagt áherslu á fræðslu og fyrirlestra í tengslum við hagsmuna- og réttindabaráttu hinsegin fólks. Annan hvern laugardag frá 20. október til 8. desember bauð félagið upp á dagskrá sem nefndist „Lifandi laugartagur“. Þá var opið hús í Regnbogasal og á bókasafni og boðið upp á fyrirlestra um ólík efni; fræðslu í skólum, þroska í kynlífi, gæði náinna tengsla og réttarstöðu transgender fólks á Íslandi. Þau sem héldu erindi á Lifandi laugardegi voru Kristín Elva Viðarsdóttir, Jóna Ingbjörg Jónsdóttir, Sr. Þarni Karlsson og Sanda Lyngdorf. Af öðrum fræðslufyrirlesturum og viðburðum má nefna dagskrá í höndum Svanfríðar Láusdóttur um táknmal líkamans, ferðakvöld með Anni Haugen og Margréti Arnljótsdóttur þar sem þær sögðu frá ferðalagi sínu um Tibet, fyrirlestur Tim Fish teiknimyndasöguhöfundar um hinsegin teiknimyndir og dagskrá í höndum Hrafnhildar Gunnarsdóttur um birtingaform lesbískra vampíra í kvikmyndasögunni. Þá var haldið árlegt jólabókakvöld þar sem höfundar komu og lásu upp úr verkum sínum, þau Hjálmar Sveinsson, Jónína Leosdóttir, Ingbjörg Reynisdóttir, Pétur Blöndal og Sigfinnur Þorláfsson. Kynnir á bókmenntakvöldinu var Árni Pétur Guðjónsson.

Haldnar voru fjórar listasýningar í Regnbogasalnum. Inga Dóra Guðmundsdóttir hélt yfirlitssýningu á ljósmyndum sínum. MSC Ísland bauð upp á sýningu 50 ljósmynda úr myndasafni sínu ásamt sögulegu yfirliti. Harpa Másdóttir opnaði sýninguna „Tinni á Íslandi“ í tilefni af 100 ára afmæli höfundar bókanna um Tinna ævintýramann. KMK hélt portatitkvöld undir stjórn Ásdísar Óladóttur og var efnt til sýningar með afraksturinn. Loks opnaði Karla Dögg Karlsdóttir ljósmyndasýningu með myndum frá gay pride göngu í Berlín.

Fjölbreytt tónlistardagskrá var á boðstólum í Regnbogasal og var mæting á þá viðburði sérlega góð. Helgi Hrafn Jónsson söngvari og gítarleikari hélt sérstaka hausttónleika og Andrea Gylfadóttir tróð upp á árlegum jólatónleikum. Þá hélt hljómsvéitin Andreas and the Gloryholes tónleika ásamt Hafsteini Þorólfssyni. Tveir tónlistartengdir viðburðir voru haldnir: Andrea Jónsdóttir útvarpskona stóð fyrir „Lifandi útvarpi“ og kynnti tónlist samkynhneigðra popp- og rokktonlistamanna. Þá leiddi Árni Heimir Ingólfsson tónlistarfræðingur gesti félagsmiðstöðvarinnar í allan sanneikann um samkynhneigð tónskáld í dagskrá sem nefndist „Hommar í háklassík“.

Fyrir utan dansleiki var langfjölmennasti viðburðurinn hið árlega Jólábíggó félagsins sem að þessu sinni var haldið á skemmtistaðnum Q-bar. Kynnar voru þau Viðar Eggertsson og Hanna María Karlsdóttir. Fjölmörg fyrirtæki gáfu vinninga og var heildarverðmæti þeirra um það bil 750.000 kr. Í fyrsta og annan vinning var ferð fyrir tvo til Barcelona með Heimsferðum og flugmiði með Iceland Express.

6.2 Afmælishátíð

Föstudagskvöldið 22. júní buðu Samtökin '78 til hátíðardagskrár í Iðnó í tilefni þess að ár var liðið frá því að lög um réttarstöðu samkynhneigðra öðluðust gildi. Fram komu tónlistarfólkkið LayLow, HjaltaLín, Hara systur og Reykjavík!. Boðið var upp á sögumola úr fortíðinni í máli og myndum auk þess sem Elíasar Marar var minnst með sýningu á broti úr viðtali við hann úr óútkominni heimildamynd Hrafnhildar Gunnarsdóttur. Mannréttindaviðurkenning Samtakanna '78 var afhent og hlutu Reykjavíkurborg, Guðrún Ögmundsdóttir og Margrét Pála Ólafsdóttir viðurkenningu fyrir störf í þágu samkynhneigðra á Íslandi (sjá kafla 7.3). Kynnar voru Viðar Eggertsson og Sigga Birna Valsdóttir.

6.3 Fjáröflunardansleikir

Samtökin '78 stóðu fyrir fimm dansleikjum á árinu, á Kaffi Reykjavík, í Iðnó og á Organ. Þá átti félagið í

samstarfi við NASA og fékk hluta ágóða af miðasölu á dansleik með Páli Óskari Hjálmtýssyni. Tilraun var gerð til þess að bjóða upp á ókeypis „Hinsegin Samtakapartý“ á skemmtistaðnum Café Oliver og var þar meðal annars boðið upp á dragsýningu og fría drykki fyrir félagsmenn. Af ýmsum orsökum heppnaðist kvöldið einungis miðlungi vel, en hugmyndina að slíku kvöldi má tvímælalaust þróa áfram. Önnur hinsegin böll voru haldin á vegum Hinsegin bíódaga og Hinsegin daga í Reykjavík, blakliðs KMK og St. Styrmi. Þá stóð Gayice.is fyrir karlmannadansleik undir yfirskriftinni Bears on Ice.

6.4 Starfshópar. Samtarf við önnur félög hinsegin fólks

Samkvæmt félagslögum er hvejum félaga frjálst að stofna hópa um hugðarefni sín og á hverjum vetri starfa fastir hópar félaga um ýmis málefni. Samtökin '78 líta á það sem eitt af hlutverkum sínum að leggja slíku hópastarfi lið og gildir þá einu hvort um er að ræða algjöðlega sjálfstæða hópa með eigin stjórn, eða þá sem beinlínis starfa innan vebanda félagsins. Njóta þeir sem það kjósa fyrirgreiðslu varðandi aðstöðu í félagsmiðtöð og kynningar á heimasíðu, í fréttabréfi og á póstlista. Margt af þessari starfssemi blómstrar og eflist jafnt og þétt, en í öðrum tilvikum er áhuginn minni enda stendur starfsemi og fellur með framtæki sjálfboðaliða.



6.4.1 Ungliðahópur

Hópurinn hittist hvert sunnudagskvöld í félagsheimilinu að Laugavegi 3. Aðsóknin var góð en nokkuð sveiflukennð á árinu. Að jafnaði mættu 15 – 25 ungmenni á aldrinum 15 – 20 ára. Aukin sýnileiki ungs

samkynhneigðs fólks, svo sem í tenglum við Hinsegin daga, og vegna aukinna vinsælda skólafunda, hefur á undanförunum árum fest ungliðahópurinn í sessi sem eina af félagsmiðstöðvum borgarinnar. Haustið 2007 tók Arna Arinbjarnardóttir að sér umsjón hópsins. Af starfinu má nefna námskeið í framkomu og framsögn, kynfræðslukvöld, foreldrakvöld, bío- og kælufærðir.

6.4.2 Norðurlandshópur – S78N

Í september var hópurinn endurvakinn og starfa nú ungliðahreyfing og almennt félag samkynhneigðra og tvíkynhneigðra saman í einu félagi. Hópurinn hittist hvert fimmtudagskvöld í félagsmiðstöðinni Rósenborg, gamla barnaskólanum, án endurgjalds og hefur mæting almennt verið góð. Ýmislegt hefur verið á dagskrá hjá hópunum svo sem bíoferðir, opið hús, videokvöld og kaffihúsakvöld. Hópurinn hefur einnig starfað undir merkjunum „Gulur, Rauður, Grænn“ en það er samstarfsvettvangur Akureyrarkirkju, FAS og S78N sem á árinu héldu vel sóttu Regnbogamesu í Akureyrarkirkju. Hópurinn stóð fyrir samkomu á Alþjóða alnæmisdeginum þann 1. desember. Á döfinni er skipulagning mállþings um stöðu samkynhneigðra á landsbyggðinni þann 12. apríl.

6.4.3 Vemdarvættirnar

Hópurinn er samstarfsvettvangur félaga úr Samtökunum '78 og Amnesty International á Íslandi. Hann hefur það að markmiði að berjast fyrir bættari lagalegri og félagslegri stöðu hinsegin fólks um víða veröld og vekja athygli á mannréttindabrotum sem samkynhneigðir, tvíkynhneigðir og transgender fólk sætir. Hópurinn hefur unnið að stefnumótun á sviði alþjóðlegs mannréttindastarfs Samtakanna '78 og haldið fjölmarga fundi og tekið þátt í kynningum á vettvangi félagsins. Þá vakti atriði hópsins á Hinsegin dögum verðskuldaða athygli en hópurinn gekk undir slagorðinu „Ólögleg í 100 löndum“ og dreifði bæklingum og safnaði undirskriftum sem afhentar voru utanríkisráðherra. Þar eru íslensk stjórnvöld hvött til þess að beita sér fyrir mannréttindum hinsegin fólks á alþjóðavettvangi. Nánar er sagt frá starfi hópsins í kafla 4.5 um alþjóðlegt mannréttindastarf.

6.4.4 Trans-Ísland

Félagið Trans-Ísland var formlega stofnað þann 15. febrúar 2007. Félagið er ætlað fólki sem er í óhefðbundinni stöðu með kyn sitt. Það óhefðbundna getur falist í kynáttun, kynhneigð, litningum, hormónajafnvægi, kynhlutverki, félagslegu kyni, skurðaðgerðum er varða kynið, og öðru því er varðar kyn á einhvern hátt. Hópurinn, sem starfar undir renghlíf Samtakanna '78, hittist fyrsta miðvikudag í

mánuði í Regnbogasalnum auk þess sem haldin voru tvö skemmtikvöld. Hópurinn vann að söfnun bóka um málefni transgender fólks og er ætlunin að gefa þær bókasafni Samtakanna '78 til varðveislu og útlána. Félagið gefur reglulega út rafrænt fréttabréf á slóðinni <http://groups.google.com/group/trans-is-frettabref>.

6.4.5 Hlaupa- og gönguhópar

Hluta af árinu stórfuðu hlaupa- og gönguhópar undir merkjum Samtakanna '78. Hlaupahópurinn hittist reglulega til æfinga með það að markmiði að hlaupa Reykjavíkumaraþon til styrktar félaginu og tóku nokkrir félagar hans þátt í því. Gönguhópurinn skipulagði nokkrar ferðir út fyrir bæjarmörkin á árinu.

6.4.6 AA-deild

AA-deild samkynhneigðra og tvíkynhneigðra hefur komið saman í Regnbogasal hvert þriðjudagskvöld frá 1987, en deiklin á sér lengra og samfélðara líf en nokkur annar hópur sem hittist á vettvangi Samtakanna. Starfið er að öllu leyti óháð starfi Samtakanna '78 en nýtir sér húsnaði félagsins gegn vægri húsaleigu. AA-deild samkynhneigðra hittist einnig hvert sunnudagskvöld í Tjarnargötu 20.

6.4.7 Ást

Starfsemi ÁST - Áhugahóps samkynhneigðra um trúarlíf lá að mestu niðri á starfsárinu, en í samvinnu við Hinsegin daga í Reykjavík efndi hópurinn til kvöldmessu í Laugameskirkju við lok hátíðar Hinsegin daga í ágúst og var hún vel sótt. Þar predikuðu hjónin og prestarnir Jóna Hrönn Bolladóttir og Þarni Karlsson, en Jón Þorsteinsson söng einsöng og nokkrir nemendur hans leiddu safnaðarsöng. Hópurinn stóð einnig fyrir sýningu á sjónvarpsupptöku með predikun sr. Pat Bumgardner frá Metropolitan Community Church í New York sem hún hélt í Regnbogamessu á Hinsegin dögum 2006

6.4.8 FAS - Samtök foreldra og aðstandenda samkynhneigðra

Samtökin FAS vinna stöðugt samkvæmt markmiðum sínum en þau eru að: 1) Gefa foreldrum og aðstandendum samkynhneigðra tækifæri til að hittast, veita þeim stuðning og stuðla að samheldni og samstarfi þeirra 2) Vera sýnilegt afl í samfélaginu og taka þátt í málefnalegum umræðum þegar málefni samkynhneigðra ber á góma. 3) Beita sér fyrir og vinna að auknum félagslegum réttindum samkynhneigðra, þar með talið nauðsynlegum lagabreytingum. 4) Stuðla að aukinni

þekkingu og fræðslu um samkynhneigð og efla skilning á samkynhneigð sem fjölskyldumáli.

Haldnir voru sjö stjórnarfundir á árinu auk aðalfundar sem er í maí ár hvert. Auglýstir, fastir fundir samtakanna – samvenustundir – voru haldnir á Laugavegi 3 annan miðvikudag í mánuði kl. 20.30, alls átta skipti. FAS stóð að tvennum viðburðum í samstarfi við Samtökin 78 en það voru Samstöðu- kynningar og fræðslufundur fyrir homma, lesbíur, foreldra, ættingja og vini samkynhneigðra 24. mars. Á þeim fundi skrðu fimmtíu og átta manns nöfn sín í gestabók FAS og var dagskráin fjölbreytt og vel tekið. Þá áttu félögin með sér samstarf á Opna Samtakadeginum þann 20. september þar sem FAS kynnti meðal annars starfsemi sína en sá einnig um veitingar. Annað samstarf við Samtökin '78 felst í þátttöku í verkefnum: Samkynhneigð og samfélag í samstarfi við Menntasvið Reykjavíkurborgar. FAS gekk einnig á árinu undir merkjum í Gay pride eins og undanfarin ár og fjölga þeim aðstandendum og vinum stöðugt sem kjósa að ganga undir merkjum FAS. Að lokum átti FAS fund með Ingibjörgu Sóluínu Gísladóttur, utanríkisráðherra og formanni Samfylkingarinnar, til að ræða stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar sem segir að trúfélögum verði veitt heimild til að staðfesta samvist samkynhneigðra. Á fundinum var sú stefna FAS og Samtakanna '78 ítrekuð að stefna beri að því að ein hjúskaparlög gildi í landinu. Voru það góðar og skilningsríkar viðræður.



6.4.9 Hinsegin dagar í Reykjavík

Á starfsárinu varð sú skipulagsbreyting á starfi Hinsegin daga í Reykjavík að lögum félagsins var breytt. Áður var það fyrirkomulag við lýði að nokkur félög og

hreyfingar, þar á meðal Samtökin '78, skipuðu hvert um sig tvo fulltrúa þar í stjórn. Með nýjum lögum er ekki lengur um þetta fyrirkomulag að ræða, heldur er stjórn Hinssegin daga nú kjörin á aðalfundi þeirra snemma árs úr röðum félagsmanna, en allir sem styðja tilgang og markmið Hinssegin daga geta gerst þar félagar. Samtökin '78 áttu engu að síður náði og gott samstarf við Hinssegin daga sem héldu fjölmarga fundi í húsneði félagsins og einnig nutu Hinssegin dagar góðrar fyrirgreiðslu Samtakanna með því að sölustarf hátíðarinnar hafði bækistöð sína á Laugavegi 3. Samtökin '78 nýttu einnig hátíðina til eigin fjáröflunar og seldu merki félagsins í miðbænum þegar hátíðarhöldin fóru fram. Hinssegin dagar í Reykjavík styrktu fyrirlestraröðina „Með hinsegin augum“ svo og útgáfu afmælisrits félagsins.

6.4.10 KMK

KMK er félagsskapur samkynhneigðra og tvíkynhneigðra kvenna. Markmið félagsins er að bjóða upp á fjölbreytta skemmtidagskrá sem höfðar til kvenna á öllum aldri og eru um 300 konur á póstlista félagsins. Af viðburðum starfsársins má nefna hina árlegu Góugleði sem að þessu sinni var haldin á skemmtistaðnum Gauki á stöng. Fjölmargar listakonur komu fram og veislustjóri var Svanfríður Lárusdóttir. Þá stóð félagið fyrir vínsmökkunarkvöldi, bókmenntakvöldi, portrait námskeiði, stelpuballi, nuddnámskeiði, jólakakói og framkomunámskeiði undir yfirskriftinni „Blandðu þér í hópinn“.

6.4.11 HILDI

er félag heymarskerta samkynhneigðra og hittist hópurinn reglulega í heimahúsum og skipuleggur 1-2 ferðir á ári.

6.4.12 St. Styrmir

Strákafélagið Styrmir var stofnað árið 2006 í þeim tilgangi að bjóða samkynhneigðum mömum upp á íþróttastarf. Félagið hefur það að markmiði að bjóða upp á íþróttir þar sem þátttaka er sett ofar sigri og engum meinaður aðgangur að æfingum. Auk þess setja félagar sér það markmið að vera fyrirmyndir frekar en staðalímyndir og telja að með sýnileika þjóni þeir mikilvægu forvarnarstarfi. Félagið býður meðal annars upp á knattspyrnuæfingar tvisvar sinnum í viku í íþróttahúsinu Fífunni í Kópavogi. Stærsta verkefni ársins var þátttaka í heimsmeistarumóti samkynhneigðra liða, ILGFA – International Lesbian and Gay Football Association, sem haldið var í Argentínu. Vakti þátttaka liðsins í mótnu talsverða athygli hér heima og í fjölmiðlum í Argentínu.

6.4.13 MSC Ísland

MSC Ísland var stofnað árið 1985 og hafði þar erlenda vélhjólaklúbba að fyrirmynd. Félagið er skemmtifélag karlanna og starfar óháð Samtökunum '78.

7 Pólitísk barátta og mannréttindamál

7.1 Réttarstaða – Staðfest samvist eða hjónaband?

Undanfarin misseri hefur talsverð umræða átt sér stað í Þjóðfélaginu um hjónabönd samkynhneigðra. Hefur hún að mörgu leiti mótast af þeirri staðreynd að lög um staðfesta samvist hafa með tímanum úrelst, jafnt lagatæknilega sem og í vitund fólks. Þungamiðja umræðunnar hefur einnig færst til og snýst nú að mestu um það hvort jafna skuli hjúskaparrétt fólks að fullu án tillits til kynhneigðar, eða festa tvenn hjúskaparlög í tveimur lagabálkum í sessi.

Lög um staðfesta samvist voru á sínum tíma stórkostlegt skref í þá átt að bæta réttarstöðu samkynhneigðra og stykja fjölskyldurétt þeirra. Foysta Samtakanna '78 barðist heils hugar fyrir því að þau yrðu að veruleika en horfðist jafnframt í augu við þann sára sannleika að í þeim fólust takmarkanir sem vitnuðu um tregðu löggjafans að virða og viðurkenna það að allir þegnar þjóðfélagsins nyta sama réttar. Með lögum um staðfesta samvist frá 1996 var samkynhneigðum þörum til að mynda beinlínis meinað að ættleiða börn og njóta þjónustu opinberra sjúkrastofnana til tæknifrjónunar. Þessar hindranir hafa fallið ein afannarri með breyttum viðhorfum, árið 2000 og árið 2006. Nú er enginn sá munur á réttarstöðu gagnkynhneigðra hjóna og samkynhneigðra para í staðfestri samvist sem réttlætir það að hjúskaparstofnun grundvallist á tveimur lagabálkum.

Forstöðumenn trúfélaga hafa þó ekki heimild til að gerast vígslumenn samkynhneigðra. Núverandi ríkisstjórn hefur lýst því yfir í stjórnarsáttmála að trúfélögum verði veittur slíkur réttur á kjörtímabilinu og fyrir því er breið pólitísk samstaða. Mikill meirihluti þjóðarinnar virðist einnig á þeirri skoðun, en í Þjóðarþúsli Gallup frá því í júlí 2004 kemur fram að 69% landsmanna eru hlynnt kirkjulegri vígslu samkynhneigðra. Í raun og veru hefur málið aðeins strandað á einni stofnun – Þjóðkirkjunni – sem alþingi hefur kosið að gefa allan þann umþóttunarfrest sem hún hefur talið sig þurfa. Þversögnin er hins vegar sú, að samþykki alþingi slíkan vígslurétt þá er þörfin fyrir sérköggjöf til handa samkynhneigðum að engu orðin. Þetta hafa forsvarsmenn Samtakanna '78 bent á og stýðja því heilshugar frumvarp Kolbrúnar Halldórsdóttur og fleiri þingmanna sem miðar að því að samæina hjúskaparlöggjöfina í eina.

Í haust urðu þau tímamót að Kirkjuþing samþykkti að heimla prestum Þjóðkirkjunnar, þeim sem það kjósa,

að staðfesta samvist samkynhneigðra. Eflaust hefur stjórnarsáttmáli ríkisstjórnarinnar og jákvæð umræða sem haldið hefur verið á lofti af ötulum hópi presta átt sinn þátt í því að málið var loks til lykta leitt. Er það vissulega ánægjulegt. Engu að síður vakna áleitnar spurningar varðandi þessa ályktun og hefur verið á það bent að með henni sé prestum beinlínis heimilað að mismuna fólki en það brýtur gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Einnig vekur athygli að Þjóðkirkjan heykist á því að tala um „vígslur“ og jafnframt er sérstaklega tekið fram að skilgreining hjónabands skuli einungis miðast við hjúskap karl og konu. Er dapurlegt að um leið og kirkjan stígur skref í átt til jafnréttis þá skuli hún sjá sig knúna til þess að beita orðræðu útilokunnar um hjónabandið, þeirri sömu orðræðu og andstæðingar mannréttinda samkynhneigðra beita gáman til þess að viðhalda mismunun og mannréttindabrotum um víðan heim.

Með því að ætla öllum þegnum ein hjúskaparlög án tillits til kynhneigðar myndi íslensk löggjöf fylgja fordæmi þeirra þjóða sem lengst hafa náð í starfi sínu að mannréttindum til handa samkynhneigðum. Fimm ríki veraldar auk tveggja fylkja Bandaríkjanna hafa nú ein hjúskaparlög óháð kynhneigð. Þetta eru Belgía, Holland, Kanada, Suður Afríka og Spánn auk Massachusetts og Iowa í Bandaríkjunum. Í hjúskaparlögum Kanada og Spánar er enginn greinarmunur gerður á réttindum samkynhneigðra para en í hjúskaparlögum hinna ríkjanna er einungis gerður greinarmunur hvað varðar búsetu og ríkisfang. Þjóðþingin í Noregi og Svíþjóð vinna nú að samskonar breytingu. Ein hjúskaparlög gefa samkynhneigðum og fjölskyldum þeirra skýr skilaboð og hafa djúpa tilfinningalega þýðingu. Með þeirri leiðréttingu á réttarstöðu samkynhneigðra sem þing og þjóð hafa samæinast um á undanförum árum eru rökkin fyrir tvennum hjúskaparlögum að engu orðin. Þau eru aðeins orðræða adskilnaðar, hártoganir um hugtök sem engan annan tilgang hafa en að draga fólk í dilka.

7.2 Mannréttindaverðlaun Samtakanna '78

Á hátíðarsamkomu í Ídnó föstudaginn 22. júní 2007 veitti stjórn Samtakanna '78 viðurkenningar vegna framlags einstaklinga, fyrirtækja eða stofnanna til mannréttinda og jafnréttis. Að þessu sinni hlutu viðurkenningu Guðrún Ögmundsdóttir, Margrét Pála Ólafsdóttir og Reykjavíkurborg Kjartan Magnússon borgarfulltrúi veitti viðurkenningunni móttöku fyrir hönd borgarinnar.

Áður hafa á vettvangi Samtakanna '78 verið heiðnaðir þeir sem sátu í fyrstu stjórn félagsins, þeir Guðni Baldursson, Heimir Jónsson og Þórir Björnsson, auk

þeirra Harðar Torfasonar og Sjöfnar Helgadóttur fyrir brautryðjendastarf í þágu samkynhneigðra á Íslandi. Samtökin '78 munu hér eftir árlega heiðra einstaklinga, fyrirtæki eða stofnanir fyrir framlag í þágu mannréttinda og jafnréttis og er það von stjórnar félagsins að viðurkenningin verði mönnum hvatning til góðra verka.

Reykjavíkurborg hlaut viðurkenningu fyrir meira en 20 ára stuðning við mannréttindi og jafnrétti samkynhneigðra. Þá sögu má rekja aftur til ársins 1986 þegar Davíð Oddson, þáverandi borgarstjóri, sýndi þá framsýni að veita fjárstuðning til reksturs félagsins og til þess að sinna fræðslumálum. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir viðhélt þeim stuðningi af mænarskap í borgarstjórnartíð sinni svo og aðrir kjómir borgarfulltrúar. Samtökin '78 hafa um langt skeið átt farsælt samstarf við Reykjavíkurborg svo sem á sviði félagsþjónustu og fræðslu. Nýverið lagfærði Reykjavíkurborg jafnréttishugtakið sem áður var einungis skilgreint sem jafnrétti kynjanna en nær nú til allra borgara án tillits til aldurs, fötlunar, heilsufars, kyns, kynhneigðar, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, þjóðernis, uppruna, litarháttar og menningar. Tölur stjórn Samtakanna '78 það farsælt skref og öðrum bæjarfélögum til fyrirmyndar.



Kjartan Magnússon, Guðnín Ögmundsdóttir og Margrét Pála Ólafsdóttir.

Guðnín Ögmundsdóttir hefur starfað ötullega að réttindamálum lesbía, homma og transgender fólks á undanförunum áratugum. Á árinu 2006 var stórt skref stigið með lögum sem tryggja jafnrétti samkynhneigðra á við aðra þegna og var þáttur Guðrúnar í þeirri vinnu ómetanlegur.

Í gegnum tíðina hafa margir verið kallaðir til starfa innan hreyfingar samkynhneigðra og fjölmargir lagt af

mörkum mikla og óeigingjarna vinnu. Margrét Pála Ólafsdóttir er vel þekkt fyrir störf sín á vegum Samtakanna '78. Hún stóð lengi í eldlínunni og vann ötullega að bættum réttindum lesbía og homma á Íslandi og fyrir það er stjórn Samtakanna '78 Margrétu þakklát.

Guðnín, Margrét Pála og Reykjavíkurborg hafa með verkum sínum sýnt frumkvæði og þor sem þakkað var fyrir með veitingu viðurkenninganna.

7.3 Réttarstaða transgender fólks

Réttarstaða og félagsleg staða transgender fólks á Íslandi er afar veik og óljós. Á Íslandi eru engin sérstök lög í gildi um málefni transgender fólks líkt og í mörgum nágrennalanda okkar og margar hindranir sem standa í vegi fyrir lagalegri viðurkenningu og lækisfræðilegri meðferð. Það er brýnt að bæta stöðu transgender fólks í þjóðfélaginu en fjölmargar hindranir standa í vegi fyrir því að það fái notið sín sem fullgildir þjóðfélagsþegnar. Til dæmis geta þeir einstaklingar sem vilja lifa í nýju kynhlutverki ekki fengið nafni sínu breytt nema að hafa gengist undir aðgerð til leiðréttingar á kyni en aðeins hluti transgender einstaklinga gengst undir slíka aðgerð. Augljósir annmarkar fylgja því að lifa í öðru kynhlutverki en kemur fram í persónuskilríkjum svo sem þegar ferðast er til útlanda eða ef framvísa þarf persónuskilríkjum við önnur tilefni. Ýmsir sem hafa skoðað þessi mál frá sjónarmiði mannréttindamála hafa bent á að breyting á kyni snertir friðhelgi einkalífs og ekki sé hægt að meina fólki að breyta útliti, auðkenni eða kyni.

Þegar kemur að málefnum transgender fólks innan heilbrigðisgeirans og lækisfræðilegri meðferð er margt óljóst. Vinnuhópur lækna sem á að sjá um málefni transgender fólks hefur sem dæmi enga lagheimild eða umboð til að fara með mál þessa hóps og á einungis að vera ráðgefandi fyrir Landlækisembættið þegar taka á ákvarðanir er varða transgender einstaklinga.

Í misserisskýrslu sem unnin var af nemendum við Háskólann á Bifröst, en þar vonu málefni transgender fólks á Íslandi skoðuð sérstaklega, kemur fram að nefnd þeirri sem ætlað er að vera ráðgefandi í málefnum transgender fólks „tekur sér það vald að ákvarða hvort einstaklingur sem óskar eftir meðferð til breytingar á kyni er hæfur eða ekki“. Með öðrum orðum er nefndin sem í upphafi var ætlað að vera til ráðgjafar orðin nokkurskonar úrskurðaraðili í málefnum transgender fólks. Þróunin hafi því orðið sú að „verklagsreglur þeirra eru orðnar ólögfestar reglur sem þeir einstaklingar sem eiga við kynáttunarvanda að stríða telja sig knúna til að fara eftir.“

Nauðsynlegt er að taka af allan vafa um það hver skuli fara með úrskurðavald varðandi mál transgenders fólks á Íslandi hvort heldur innan helbrigðisgeirans eða í þjóðfélaginu almennt. Eins og staðan er nú fer framkvæmdavaldið með úrskurðavald í þessum málaflökki.

7.3.1 Alvarleg líkamsárás höfð í flimtingum

Í febrúar átti sér stað alvarleg líkamsárás í Hafnarfirði. Þar gerði að því er best verður séð gagnkynhneigður karlmaður tilraun til þess að myrða unga transgender konu. Hann tók hana hálstaki og reyndi að kyrkja hana er hann komst að því að hún var transgender en vinum hennar tókst að forða morði. Tímaritið *Séð & heyrt* fjallaði um málið á afar ósmekklegan hátt í tbl. nr. 7, 15. – 21. febrúar, og var sú umfjöllun blaðamannsins Eiríks Jónssonar tilefni þess að Samtökin '78 og félagið Trans-Ísland kærðu blaðið. Áður hafði verið farið fram á að tímaritið bæðist afsökunar á greininni og dragi hana til baka en ritstjórnin Mikael Torfason neitaði því.

Undir fyrirsögninni „Kæran með typpi“ fjallar blaðamaðurinn Eiríkur Jónsson um atburðinn og lætur að því liggja að í lagi hafi verið að ráðast á konuna þar sem hún var vaxin sem karlmaður undir þilsinu. Undirtónn umfjöllunarinnar er léttur og gert „góðlátlegt“ grín að þeirri stöðu sem upp kom. Þar er talað um „kvennafar sem snérist upp í andhverfu sína“, „að konan væri karlmaður“ og eftirfarandi haft eftir árásamanninum: „Við vorum komin langt á leið þegar mér varð ljóst að þetta var karlmaður sem var með mér í rúminu. Þá reyndi ég að kyrkja hann og hefði líklega tekist það ef annað fólk sem var í samkvæminu hefði ekki gripið inn í“. Lok fréttarinnar má beinlínis túlka sem hvatningu til ofbeldis gagnvart transgender einstaklingum þar sem Eiríkur vitnar til ofbeldismansins: „Hvað hefðuð þið gert í mínum sporum? Svona sviksemi kemur öllum úr þfnvægi.“ Að sama skapi er ofbeldismanninum hampað í fréttinni sem hörkutóli sem „geti verið gjótharður þegar því er að skipta“ og haft eftir honum að jafnvel „Lögreglan [hafi verið] skíningsrík“.

Samtökin '78 og félagið Trans-Ísland kærðu umfjöllun blaðsins á grundvelli 3. greinar siðareglna Blaðamannafélags Íslands en þar segir: „Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitsemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda óþarfá sársauka eða vanvirðu“. Með bréfi dagsettu 23. apríl sl. vísaði síðanefndin kærurni frá með þeim rökum að kærundur, Samtökin '78 og Trans-Ísland, uppfylli ekki skilyrði siðareglna um hagsmunatengsl. Um

hagsmunatengsl segir hins vegar í siðareglum að hver sá sem telji að brotið sé gegn þeim og eigi hagsmuna að gæta geti kært atlað brot til nefndarinnar.

Rituðu Samtökin '78 þá annað bréf þar sem óskað var eftir því að frávisunin yði endurskoðuð. Í því er bent á að samkvæmt lögum Samtakanna '78 séu þau hagsmunasamtök samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transgenders fólks á Íslandi og að í því felist m.a. að félagið vinni gegn hvers konar misrétti, fordómum og ofsóknum sem einstaklingar sem tilheyra þessum hópum séu bættir vegna kynhneigðra sinna eða vegna þess að þeir eru transgender. Þá er einnig bent á að hinn kærðinn, félagið Trans-Ísland, sé sjálfstætt hagsmunafélag transgenders fólks á Íslandi sem hafi það markmið, líkt og Samtökin '78, að standa vörð um mannhelgi transgenders fólks og berjast fyrir lagalegum, félagslegum og menningalegum réttindum þeirra. Jafnfamt var það í rekkað að fórnarlamb árásarinnar og umfjöllunar *Séð & heyrt* stæði afar höllum fæti til þess að reka málið af eign rammleik þar sem viðkomandi væri innflytjandi sem talaði litla íslensku og hefði auk þess sætt morðtilraun vegna minnihlutastöðu sinna. Loks var á að í fyrri úrskurðum síðanefndar sé gefið fordæmi fyrir því að kærur hagsmunafélaga vegna umfjöllunar um minnihlutahópa séu teknar til efnislegrar meðferðar hjá nefndinni og vísað til kæru Alþjóðahúss á hendur Fréttablaðinu þar sem umfjöllun blaðsins um innflytjendur var kærð. Var sú kæra, líkt og kæra Samtakanna '78 og Trans-Ísland, m.a. rökstudd með þeim hætti að umfjöllunin væri byggð á ranghugmyndum og til þess fallin að ýta undir fordóma og mismunun gagnvart sérhvejum einstaklingi sem tilheyri þessum hópi. Síðanefnd blaðamannafélagsins tók þá kæru til efnislegrar meðferðar.

Þrátt fyrir þessar og aðrar rökstuddar ábendingar Samtakanna '78 og Trans-Ísland vísaði síðanefnd kærurni endanlega frá án þess að taka hana til efnislegrar umfjöllunar. Frávisun síðanefndar, þvert á fyrri úrskurði þar sem í hlut á annars konar minnihlutahópur, ber vinnubrögðum og viðhorfum nefndarinnar sorglegt viti, og varpar um leið ljósi á þá erfðu stöðu og fordóma sem transgender fólk á Íslandi á í höggi við.

7.4 Alþjóðlegt mannréttindastarf

Á vordögum var hafist handa við stefnumótunarvinnu á sviði alþjóðlegra mannréttinda og hafði Hilmar Magnússon umsjón í því starfi. Afraksturinn var gefinn út í litlu riti sem ber heitið „Hinsegin útrás mannréttinda.“ þar sem farið er yfir markmið og leiðir í alþjóðastarfi Samtakanna '78.

Markmið alþjóðlegs mannréttindastarfs félagsins er að leggja íslensk lóð á vogarskalar jafnra tækifera, aukinna réttinda og betra lífs til handa samkynhneigðu, tvíkynhneigðu og transgender fólki um heim allan. Undirmerkið ganga meðal annars út á að skapa meiri breidd í starfi Samtakanna '78, gera starfsemina sýnilegri, veita félaginu enn meiri þyngd í þjóðfélagsumræðunni og auka tengsl við önnur mannréttindafélög jafnframt því að efla starfsandann innan félagsins. Unnið hefur verið að þessum markmiðunum með ýmsum hætti svo sem með stofnun aðgerðahóps, útsendingu ályktana og fréttatilkynninga, áskomna á stjórnvöld og samstarfi við önnur félög.

Innan Amnesty International á Íslandi hafa verið hugmyndir um að stofna aðgerðahóp sem einbeitti sér að málefnum hinsegin fólks, en slíkt starf er vel þekkt hjá ýmsum deildum hreyfingarinnar í heiminum. Farin var sú leið að stofna sérstakan samstarfsvettvang milli Amnesty á Íslandi og Samtakanna '78 undir heitinu Verndarvættimar. Kostirnir við slíkt samstarf eru fjölmargir svo sem stærra félaganet, samnýting þekkingar innan beggja félaga á grasrótar- og aðgerðastarfi, sem og samnýting faglegra unninna upplýsinga varðandi mannréttindi og hlutskipti hinsegin fólks víða um heim.

Verndarvættimar héldu nokkra opna vinnufundi þar sem unnið var að framgangi mannréttindamálanna og áhugasömum boðið að slást í hópinn. Mesta athygli vakti þó tímælalaust atriði hópsins á Hinsegin dögum en gengið var undir slagorðinu „Ólögleg í 100 löndum“ og vísar það til þess að samkynhneigð er með einum eða öðrum hætti ólögleg í um það bil 100 ríkjum varaldar. Auk þess dreifði hópurinn bæklingi til áhorfenda og göngu fólks sem sérstaklega hafði verið prentaður í tilefni dagsins. Starfinu var þó hvergi nærri lokið þótt gangan tæki enda, því hópurinn hafði komið sér upp tjaldaðstöðu í einu holti Arnarhóls til að þjóna sem miðstöð frekari aðgerða. Þegar skemmtiatriði Hinsegin daga brustu á mátti víða sjá fólk í svörtum og bleikum bolum, einkennisbolum hópsins, fræða hátíðargesti um mannréttindi ásamt því að dreifa bæklingum og safna undirskriftum við áskorun til íslenskra stjórnvalda um að standa vörð um mannréttindi hinsegin fólks á heimsvísu.

Meðal annarra verkefna hópsins má nefna heimsókn til sendiherra Rússlands á Íslandi þar sem mannréttindabrotum þar í landi var mótmælt. Forsaga þess máls er sú að borgarstjórinn í Moskvu bannaði Gay pride göngu í borginni í annað skipti á árinu. Þegar forsvarsmenn göngunnar og fleiri stuðningsmenn mótmæltu banninu í skemmtigarði í borginni réðist æstur múgur að þeim svo að til blóðsúthellinga kom. Á meðan stóð lögreglan aðgerðarlaus hjá. Þegar hún loks ákvað að skakka leikinn var það gert með því að

handtaka mótmælendurna en láta ofbeldismennina afskiptalaus. Ákvörðun borgarstjórans var kærð til dómstóla en dómurinn kvað upp þann úrskurð að borgarstjórinn hefði gert rétt með því að banna gönguna jafnframt því sem réttur hinsegin fólks til þess að koma saman til fríðsamlegra fundahalda var hafnað.

Afhentu fulltrúar Verndarvættanna sendiherranum bréf til rússneskra stjórnvalda þar sem göngubanninu og ofbeldinu sem fylgdi í kjölfarið var mótmælt. Í því er meðal annars bent á að dómurinn stríði gegn alþjóðasamningum um mannréttindi.

Sendiherrann tók við bréfinu og hafði í framhaldinu nokkur orð um stöðu mála. Hann sagði að sér væri kunnugt um málið, en bar að öðru leyti fyrir sig almennu þekkingarleysi á málaflokknum. Þá fjallaði hann stuttlega um rússnesku réttúnaðarkirkjuna, stöðu hennar í rússnesku samfélagi og trúrekni borgarstjórans í Moskvu. Að því loknu sagðist hann myndi koma bréfinu áleiðis til réttra yfirvalda í Rússlandi, m.a. borgarstjórans í Moskvu.

Rússar eru ekki þeir einu sem hafa orðið þess heiðurs aðnjótandi að fá Verndarvættimar í heimsókn. Í vikunni á eftir voru Vættimar mættar á fund ræðiskonu Nicanagua á Íslandi, Margræta S. Björnsdóttur. Erindið var svipað, nefnilega að mótmæla „sódómalögum“ í landinu og krefjast ógildingar þeirra, en lögin hafa verið við lýði síðan 1992 og gera yfirvöldum kleift að fangelsa fólk sem gerst hefur „sekt“ um samkynhneigð. Margrét tók hlýlega á móti Vættunum og heppnaðist fundurinn vel.

Um svipað leyti fóru Vættimar á fund Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utarríkisráðherra. Við það tækifæri afhenti hópurinn ráðherra undirskriftir sem safnað var í Gleðigöngu ársins, en þær voru til stuðnings því að íslensk stjórnvöld veiti réttindamálum hinsegin fólks brautargengi á heimsvísu. Þá var utananríkisráðherra færður álettraður bolur með slagorðinu „Ólögleg í 100 löndum“, yfirskrift aðgerðar Vættanna á Hinsegin dögum.

Auk þessa hafa Verndarvættimar skrifað til stjórnvalda ýmissa ríkja til stuðnings einstaklingum sem brotið er á víða um heim. Verndarvættimar stefna að því að halda starfsemi sinni áfram með svipuðu sniði og jafnvel bæta í og senda fulltrúa í gleðigöngur í löndum þar sem hinsegin fólk á undir högg að sækja. Slíkur vöxtur krefst þó aukins liðssafnaðar og fjármagns.

8 Að lokum

Í 30 ár hafa Samtökin '78 unnið að bættum réttindum homma og lesbía á Íslandi með eftirtektarverðum árangri. Breyttar aðstæður í þjóðfélaginu kalla á breyttar áherslur í starfi Samtakanna '78. Þessar áherslur koma meðal annars skýrt fram í fræðslustarfi félagsins og í áherslum í réttindabaráttu svo fátt eitt sé nefnt. Fræðsla beinist í sívaxandi mæli að ólíkum hópum og kallar það á fjölbreytta nálganir í fræðslustarfinu. Jafn ingja fræðsla í grunn- og framhaldsskólum hefur lengi vel verið viðamikill þáttur í fræðslustarfi félagsins. Þá berast félaginu sífellt fleiri óskir frá fagfólki, svo sem kennurum, námsráðgjöfum, og skólahjúkrunarfræðingum um fræðslu. Við þessu hefur verið brugðist eftir bestu getu.

Við þurfum í að bregðast við þeirri stöðu að vaxandi fjöldi samkynhneigðra einstaklinga af erlendum uppruna býr á Íslandi. Margt af því fólki kemur frá löndum þar sem lagaleg og félagsleg staða er afar óljós og ótrygg. Það er skylda okkar að ná til þessa fólks og upplýsa það um lagalega stöðu hinsegin fólks á Íslandi og við hverju það má búast í íslensku samfélagi. Réttarstaða og félagsleg staða transgender fólks á Íslandi er sömuleiðis afar veik og óljós og við því þarf að bregðast. Á Íslandi eru til dæmis engin lög í gildi um málefni transgender fólks líkt og í mörgum nágrennalanda okkar og margar hindranir sem standa í vegi fyrir lagalegri viðurkenningu og læknisfræðlegri meðferð. Brynt er að bæta stöðu transgender fólks í þjóðfélaginu svo það fái notið sín sem fullgildir einstaklingar til jafns við aðra.

Viðhorf breytast. Það sem er jákvætt í dag getur orðið neikvætt á morgun. Sú samfellda fræðsla sem Samtökin '78 hafa staðið fyrir á undanförmum áratugum hefur lagt grunninn að þeirri viðhorfabreytingu sem hefur átt sér stað í garð samkynhneigðra og fjölskyldna þeirra. Við þurfum að hakla áfram að segja sögu okkar, segja frá því hver við erum, eyða fordómum og uppræta staðalmyndir. Jákvæð viðhorf til samkynhneigðra staðfesta að við höfum náð árangri og það hefur átt sinn þátt í því að breyta til hins betra því lagalega umhverfi sem við nú búum við. Því miður hafa fæst lönd í heiminum þá sögu að segja. Og þó löggjöfin skipti vissulega miklu máli er hún ekki næganleg ein og sér og tryggir okkur ekki endilega félagslegt jafnræði. Þar höfum við verk að vinna og þar verður fræðslustarfið seint ofmetið. Við megum því aldrei láta deigan síga. Okkur verður að bera gefu til að standa vörð um það sem hefur áunnist og sjá til þess að komandi kynslóðir verði ekki þögninni að bráð – þögninni sem nokkrir hugrakkir einstaklingar rufu fyrir rúmum 30 árum síðan.



Samtökin '78 að Laugavegi 3 á sólríku degi í ágúst 2007

Stjórn Samtakanna '78 og framkvæmdastjóri þakkar öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóg við gerð þessarar árskýrslu. Myndir eru birtar með leyfi höfunda.

Frosí Jónsson, *formaður*

Hrafnkell Tjörvi Stefánsson, *framkvæmdastjóri*